

---

**F U N D A R G E R ð**

**Fundur:** Raforkuhópur 2009-05  
**Fundartími:** Þriðjudagur 30. júní 2009 kl. 14:30  
**Fundarstaður:** Orkustofnun, Grensásvegi 9  
**Fundarefni:** 1) Fundargerð síðasta fundar.  
2) Niðurstöður endurreiknings raforkuspár.  
3) Önnur mál.

---

Á fundinn mættu:  
Raforkuhópurinn: Íris Baldursdóttir  
Ívar Þorsteinsson  
Pétur E. Þórðarson  
EFLA: Jón Vilhjálmsson  
Ingvar Baldursson  
Fjarverandi: Agnar Árnason/Baldur Dýrfjörð  
Ásgeir Sigtryggsson  
Gunnar Aðalsteinsson  
Sigurður Ágústsson

- 1) Engar athugasemdir við fundargerð síðasta fundar. JV sagði að farið hafi verið yfir innmötun og úttekt í kringum Svartsengi og virtist það allt vera rétt skilgreint hjá okkur. Þjónusta hefur í almennum forsendum og raforkuspá verið samræmd skilgreiningum Hagstofu Íslands. ÍP benti á að heiti flokka þar væri ekki mjög lýsandi. Búið er að bæta inn útmötunarstöðum í töflu í viðauka 4. Gögn eru farin að skila sér hratt inn á heimasíðu rokuspárnefndar. Spáin hefur verið lengd til 2050.
- 2) IB fór yfir samantekt á glærum sem hann hafði tekið saman um endurreikninginn og sent fundarmönnum fyrir fundinn. Rætt var um fólksfjölda og sagði JV að notuð væri spá frá Hagstofunni sem kom út í desember 2008. PEP benti á að fólksfjöldi í lok spátímabilsin væri mun meiri en spár fyrir nokkrum árum síðan gerðu ráð fyrir. JV sagði að gert væri ráð fyrir þó nokkrum aðflutningi fólks umfram brottflutning frá 2013 eða 500-840 manns á ári. Rætt var einnig um skiptingu niður á landshluta.

Íris spurði hvort íbúðartíðni væri breytt á spátímabilinu þar sem líklegt er að hún lækki nú alla vega tímabundið. JV sagði að notuð væri óbreytt íbúðatíðni en á móti væri gert

ráð fyrir að nýjar íbúðir muni minnka að nýju en þær hafa stækkað verulega á undanförunum árum.

PEP benti á að spurning væri með aukningu hjá gróðurhúsum þar sem bændur teldu sig ekki þola þá hækkun sem kom nýlega þegar niðurgreiðslur ríkisins voru minnkaðar. Samkeppnisstaða íslenskrar framleiðslu á að hafa batnað og bændur ættu því að geta hækkað verð hjá sér til að mæta hækkun raforkuverðs. Ákveðið að halda forsendum óbreyttum.

IB benti á að gert væri ráð fyrir verulegri aukningu í almennum iðnaði en undanfarin ár hefur verið lítil aukning þar. JV sagði að samkeppnisstaða iðnaðar ætti að vera betri núna en hún hefur verið lengi sem gæti leitt af sér aukna framleiðslu þar. Ákveðið var að draga aðeins úr aukning í almennum iðnaði.

IB sagði að miðað væri við að hætt yrði að mestu að nota olíu í fiskimjölsverksmiðjum á spátímabilinu og suða og þurrkun færu því bæði yfir á raforku sem kallaði á verulega raforkunotkun.

IB sýndi þróun raforkunotkunar bíla. PEP benti á að margir vildu sjá hraðari þróun þar á allra næstu árum en við hefðu þó í öllum spám verið of bjartsýn á rafbíla. Engin breyting var því gerð hér.

Veruleg umræða varð um netþjónabú en þau tvöfalda aukningu almennrar notkunar á næstu árum. Mikil óvissa er um þessa notkun og því ákveðið að meðhöndla hana eins og nýja stóriðju.

Miðað er við 2,5% flutningstöp en Íris sagði að þau væru minni núna. Ákveðið var að minnka töpin til samræmis við síðustu rauntölur.

Íris hafði sent gögn um afl og orkunotkun stóriðjufyrirtæki og sagði IB að ekki væri fullt samræmi við reynslutölur síðustu ára. Ákveðið var að miða við 8.500 stund anýtingartíma hjá álverum og nota samlögunarstuðul út frá reynslu síðustu ára til að fá heildar aflþörf stóriðju.

- 3) Uppkast að skýrslu verður sent til fundarmanna næstu daga og þeir beðnir um að koma með athugasemdir. Ekki var talin þörf á að senda skýrsluna í íslensku yfirlestur. ÍP spurði hvort ekki væri hægt að ganga frá tölum um raforkunotkun á fyrri helmingi ársins. JV sagði að gögn væru ekki komin fyrir en eftir miðjan mánuðinn.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 16:10. Næsti fundur ákveðinn 6. október 2009.

---

Jón Vilhjálmsson

Dreift var fyrir fundinnt:

- Glærur sem sýndar voru á fundinum.
- Viðaukar 1, 2, 3, 5 í endurreiknaðri raforkuspá 2009.
- Tafla um notkun stóriðju.

Dreift var á fundinum:

Sýnt var en ekki dreift:

- Uppkast að skýrslu um endurreiknaða raforkuspá 2009..

Verkefni:

Umsjón	Verkefni
Ingvar	Ný tafla í endurreiknaða spá um inn og útmötun frá Landsneti.
Allir	Lesi yfir uppkast að endurreiknaðri raforkuspá 2009
JV/IB/ÍP	Ganga frá endanlegri raforkuspá